

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands (Þór) VRIII (mýs og rottur) 2019



Dags eftirlits	28.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Þór)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Vatnsmýrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Eysteinnsson	ÍSAT nr.	85.14.3
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi lífefna- og sameindalíffræði Læknadeildar fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur í VRIII. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi lífefna- og sameindalíffræði Læknadeildar Háskóla Íslands fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur í afmörkunarflokki 2.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafla 2 í leyfi)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafla 3 í leyfi)
4. Skoðunarferð

Um er að ræða leyfi sem felur í sér innflutning og rannsóknir á allt að 200 erfðabreyttum músum og allt að 60 erfðabreyttum rottum í einu. Fram kom í eftirliti að nú væru eingöngu mýs í rannsóknastaðstöðu. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á starfseminni.

Farið var yfir ákvæði leyfisins samhliða skoðunarferð um húsnæðið. Bókhalda er haldið um skráningu úrgangs og er förgun hans í samræmi við ákvæði leyfisins. Aðgangsstýring er að húsnæðinu, hlífðarbúnaður í lagi og ræktun í lokuðu kerfi. Engin efni eru notuð í húsnæðinu sjálfu. Hver rannsóknamaður heldur sína vinnudagbók. Húsnæðið var allt skipulagt, snyrtilegt og í samræmi við ákvæði leyfisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.11.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir